

Dæmi um uppsetningu greinargerðar yfirmanns vegna náms- og kynnisferðar

Náms- og kynnisferð til Brighton 25. - 28. ágúst 2022

Starfsþróun er mikilvægur liður í starfi allra starfsmanna. Mikilvægt er að starfsmenn eigi kost á sí- og endurmenntun innan sem utan skólans til að auka við þekkingu sína og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Hluti af þessari starfsþróun er að starfsmenn fari í námsferðir erlendis þriðja hvert ár. Lögð er mikil áhersla á að þekkingu starfsfólks sé viðhaldið með þátttöku í námsferðum. Samstarf allra þeirra sem eru í skólanum er mikilvægt í svona ferð og leiðir af sér gleði, samvinnu og kærleika í starfsmannahópnum sem mun svo skila sér í góðu viðmóti og hlýju innan skólasamfélagsins.

Markmið og tilgangur

Með þessari ferð er markmiðið að efla og dýpka þekkingu starfsfólks á því hvernig læsi í víðum skilningi, sköpun og útinám lærist og þjálfast í öllu almennu starfi leikskólans og hafa heimsóknir til fræðsluaðila í ferðinni miðast af því. Við viljum sýna hvernig námssvið leikskólans fléttast hvert inn í annað og verður hluti af almennu starfi skólans.

Í læsisstefnu leikskólans segir:

Markmið okkar er að sjá til þess að við lestur bóka fari ákveðin kennsla fram og að börnin fái tilfinningu fyrir því að bækur séu uppspretta náms og hafi ákveðinn tilgang.

Leikskólinn velur þá leið að vinna með læsi í tengslum við náttúrufræði og útinám. Þessi hefð á sér langa sögu í skólanum og má rekja til starfs fyrrverandi leikskóla, sem voru sameinaðir í einn árið 2017, og hefur verið undir áhrifum af því umhverfi sem skólinn býr við í Fossvogsdalnum. Þetta er því kjarninn í okkar starfi.